

Vatnsvirkjun í Skógargærði ehf.
Skógargærði
701 Egilsstaðir

Reykjavík, 23. janúar 2012
Tilvísun: 2011070013/50.4.3
Verknúmer: 1103000

Efni: Fylgibréf með virkjunarleyfi fyrir Rangárvirkjun, dags. 23.1.2012.

Orkustofnun vísar til erindis Vatnsvirkjunar í Skógargærði ehf., móttækið 26. júlí 2011, þar sem sótt er um leyfi til að reisa og reka allt að 145 kW vatnsaflsvirkjun í Rangá við Skógargærði, á grundvelli gagna er bærust með umsókn umsækjanda.

Þann 26.7. 2011 barst Orkustofnun ódagsett umsókn um virkjanaleyfi frá iðnaðarráðuneytinu. Umsóknin var undirrituð af Sigfúsi Inga Víkingssyni, Skógargærði. Með umsókninni fylgdi skipulagsuppdráttur, fundargerð bæjarráðs, eyðublað Fallorku fyrir raforkusamning og samningur um tengingu RARIK og Rangárvirkjunar í landi Skógargærðis.

Orkustofnun kallaði eftir nánari upplýsingum um fyrirhugaða virkjun með bréfi dags. 12.8.2011 þar sem kallað var eftir gögnum er vörðuðu hönnunarforsendur virkjunar, staðsetningu, fjármögnun, samkomulag við landeigendur, teikningar af mannvirkjum, tilkynningu til Skipulagsstofnunar og umfjöllun um umhverfispætti.

Þegar öll nauðsynleg gögn um virkjunarframkvæmdina lágu fyrir í desember 2011 var umsóknin tekin til efnislegrar meðhöndlunar og framkvæmdin auglýst í Lögbirtingarblaðinu.

Með umsókn Vatnsvirkjunar í Skógargærði ehf. koma fram helstu kennitölur virkjunarinnar. Þá hafa Orkustofnun einnig borist önnur gögn sem nauðsynlegt er að fylgi umsókn um virkjunarleyfi samkvæmt 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

Í umsókn um leyfi fyrir virkjuninni er henni lýst þannig: „Í byggingu er 145 kW virkjun við Skógargærði, 701 Egilsstaðir. Rennsli Rangár er virkjað með stíflu í um 59 m hæð yfir sjó og vatn leitt frá inntaksþró í um 970 m langri þrýstipípu að stöðvarhúsi. Orka verður leidd um 11 kV jarðstreng að dreifikerfi RARIK.“

Eftirfarandi kemur einnig fram í umsókninni: Virkjuð fallhæð er 30 m en virk fallhæð 26 m. Virkjað rennsli er 700 l/s og lágmarksrennsli 350 l/s. Inntaksstífla er steinsteypt og grunduð á klöpp. Inntakslón er 200 m² að flatarmáli. Þrýstipípa er úr plasti og er þvermál hennar 710 mm. Stöðvarhús er úr timbri á steiptum kjallara. Hverfill er af Francis gerð 1000 sn/mín. Rafall er 184 kVA, gerð TES, 3x400 V. Áætluð orkuvinnsla stöðvarinnar er 1,1 GWh/ári.

Fyrir liggur samningur við RARIK ehf. um tengingu virkjunarinnar við dreifikerfi RARIK ehf. Þá kemur fram í umsókninni að samið hafi verið við Fallorku ehf. um kaup á orku frá virkjuninni.

KE
B.P.P.

Hönnuðir virkjunar eru Vélaverkstæðið Árteigi og Verkfræðistofan Mannvit ehf., Egilsstöðum en auk þess kom Björn Sveinsson tæknifræðingur hjá Verkís að hönnun og frágangi á þípu.

Önnur gögn sem fylgja umsókn um virkjunarleyfi:

- a) Fljótsdalshérað: Deiliskipulag, dags. 28. jan. 2008 og 6. febr. 2008
- b) Fljótsdalshérað: Framkvæmdaleyfi, dags. 9. febr. 2009
- c) Bygging stöðvarhúss; ábyrgðarlýsing meistara, dags. 12. júlí 2010
- d) Samningur um tengingu RARIK og Rangárvirkjunar, ódagsettur, ásamt afstöðumynd
- e) Tengimynd af virkjun: Vélaverkstæðið Árteigi, dags. sept. 2010
- f) Teikning: Verkfræðistofan Mannvit; Stöðvarhús, grunnmynd og snið, sökkklar og steiptir veggir, jarðhæð.
- g) Teikning: Verkfræðistofan Mannvit; Stífla og inntak, grunnmynd og snið, ásýnd.
- h) Teikning: Verkfræðistofan Mannvit; Stífla og inntak, snið sérmynd, ásýnd

Virkjunin er í landi jarðarinnar Rangár og liggur fyrir viljayfirlýsing undirrituð af eigendum jarðarinnar að þeir geri ekki athugasemd við að mannvirki sem við koma Rangárvirkjun verði reist í þeirra landi, svo sem stöðvarhús, aðrennslisþípa og stífla.

Þar sem afl virkjunarinnar er undir 200 kW fellur hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við ákvæði 34. gr. raforkulaga var auglýsing um virkjunina birt í Lögbirtingarblaðinu 8. desember 2011 með fresti til 7. janúar 2012 til athugasemda þeirra er hagsmuna ættu að gæta. Engar athugasemdir um virkjunina bárust Orkustofnun.

Orkustofnun hefur farið yfir þau gögn sem fylgdu með umsókn Vatnsvirkjunar í Skógargerði ehf. um framangreint virkjunarleyfi, ásamt þeim gögnum sem borist hafa síðar. Orkustofnun telur að með þeim upplýsingum er þar koma fram hafi verið fullnægt ákvæðum 4. og 5. gr. raforkulaga auk ákvæða 4. og 5. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Vatnsvirkjun í Skógargerði ehf. er því hér með veitt leyfi til að reisa og reka 145 kW Rangárvirkjun í Rangá á Fljótsdalshéraði. Leyfi þetta einskorðast við 145 kW Rangárvirkjun og eru breytingar umfram þessi mörk háð leyfi Orkustofnunar.

Orkustofnun vekur athygli á að til að stunda raforkuviðskipti þarf sérstakt leyfi Orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 18. gr. raforkulaga, en virkjunarleyfi þetta felur ekki í sér leyfi til raforkuviðskipta.

Gjald fyrir veitingu virkjunarleyfis þessa er 100.000 kr. í samræmi við ákvæði 1. tölulið 1. mgr. 33. gr. raforkulaga. Virkjunarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson
yfirverkefnisstjóri - staðgengill orkumálastjóra



Erla Björk Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri - raforkumál